

## Víkin 5 ára deild GRV

### Leikskólakennari/leiðbeinandi - sumarstarf.

Leitað er að menntuðum kennurum til starfa. Fáist þeir ekki verða umsóknir frá ófaglærðum teknar til skoðunar. Viðkomandi starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, Aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

**Starfshlutfall:** 100% eða eftir nánara samkomulagi.

**Vinnufyrirkomulag:** Virka daga frá kl. 08:00-16:00

**Ráðningartímabil:** Frá enda maí til lok ágúst. Vegna sumarlokana frá 14. júlí til 12. ágúst er möguleiki á starfi á gæsluvelli eða í umhverfisverkefnum eftir samkomulagi.

### Helstu verkefni:

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar.
- Vinnur samkvæmt því skipulagi sem deildarstjóri og leikskólastjóri ákveða.
- Vinnur í samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna undir stjórn deildarstjóra.

### Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Starfsleyfi leikskólakennari eða önnur menntun sem nýtist í starfi æskileg.
- Reynsla af vinnu með börnum æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Íslenskukunnátta.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð.

**Laun skv. kjarasamningi:** Félag leikskólakennara eða Stavey/Drífandi.

Upplýsingar um starfið veitir Guðrún S. Þorsteinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 488 2231 eða á [gudrun@grv.is](mailto:gudrun@grv.is)